

LAXAMÝRARÆTT YNGRI

Þessi samantekt mín er til að setja **Líneyju Jóhannesdóttur** í samhengi. Unnið uppúr bók Þorgeirs Þorgeirssonar um Líneyju sem heitir *Það er eitthvað sem enginn veit* og er frá 1975. Efni einnig sótt annað. Aðeins er getið um suma afkomendur Jóhannesar eftir að kemur í lið 2. Þó er getið um öll börn Sigurjóns Jóhannessonar, afa Líneyjar, og öll systkini Líneyjar (nr. 3). Þetta er til gamans gert. Áhugi minn stafar af áhuga mínum á ættum Þingeyinga, en sérstaklega vegna þess að Líney segir frá *Guðnýju og Benedikt á Auðnum* í bók sinni. Ég hef lengi haft gaman af því að bera ætt mína, Þveræinga, saman við fjórar ættir í sýslunni, sem mér finnst eiga ýmislegt sameiginlegt, en vera ólíkar Þveræingum. Það er Halldórsstaðafólkið, Fjallsfólkið, Sandsfólkið (afkomendur Friðjóns), og Laxamýrarfólkið (afkomendur Sigurjóns). Í Mbl. 6. nóv. 2015 segir frá áttæðisafmæli Ásu Ketilsdóttur frá Ytra-Fjalli. Í henni kemur saman Fjallsfólkið, Sandsfólkið og Laxamýrarfólkið. Formóðir Ásu var m.a. Jóhanna Jóhannesdóttir, systir þeirra Laxamýrarbræðra, en systranna er ekki getið hér.

Jóhannes Kristjánsson eignaðist Laxamýri 1838. Var síðast, í ellinni, á Krossi. 4 ættleggir bjuggu á Laxamýri í 90 ár, eða upb. til 1928, þegar jörðin var seld. Átti fleiri jarðir, m.a. Kaldbak við Húsavík. K1 (móðir barnanna): Sigurlaug Kristjánsdóttir frá Breiðamýri. Systkinabörn. K2: Hildur Eiríksdóttir frá Garðsvík. Stóð sig vel.

1a **Kristján Jóhannesson** 18XX-1912. Erfði 1/8 af Laxamýri. Drakk. Bohem. Var lengi á Ysta-Felli hjá Sigurði.

K: Þuríður. Þau áttu **Hans Kristjánsson**.

1b **Sigurbjörn Jóhannesson**. Erfði 1/8 af Laxamýri.

1c **Jónas Jóhannesson**. Erfði 1/8 af Laxamýri.

1d **Sigurjón Jóhannesson** 1833-1918, óðalsbóndi og bændahöfðingi á Laxamýri. Dbrm. Áttundi af 16 systkinum. Bara fjögurra getið hér, þ.e. erfingja Laxamýrar. Erfði 1/8 af Laxamýri. Jóhannes seldi honum 4/8. Hann gaf út bókina *Æviminningar frá Laxamýri*. Stöðugt á ferðinni. Hljóp um götur Reykjavíkur.

K: Snjólaug Guðrún Þorvaldsdóttir frá Krossum á Árskógsströnd. 1839-1912. Snjólaug sýndi Jóhanni syni sínum skilning, meðan föður hans fannst lítið til listarinnar koma, lengi framan af.

2a **Jóhannes Baldvin Sigurjónsson**. Var í Kph. vetrarpart. Fór síðan í Lærða skólann. Var í Seattle í 2-3 ár og kom við í Winnipeg. Seldi Laxamýri. Þá voru elstu börn hans flutt að heiman. Bjó síðan í tvö ár í Saltvík. Skrifaðist á við Jóhann bróður sinn í Kph.

K: Þórdís Þorsteinsdóttir og Margrétar (Hrísey). Systkinabörn. Stóð sig vel. Fékk heilablóðfall og féll frá. Röð barna ekki rétt.

3a **Soffía Jóhannesdóttir**. Átti Jochum Eggertsson rithöfund, sem þýddi Hrafninn.

3b **Snjólaug Jóhannesdóttir** 1903-1957. Átti Eirík Jónsson trésmið.

3c **Jóna Kristjana Jóhannesdóttir**.

M: Árni Benediktsson.

4 **Benedikt Árnason** leikari og leikstjóri.

K2: Vala Kristjánsson. Þau áttu m.a. **Einar Benediktsson** tónlistarmann og bohem.

3d **Margrét Stefanía Jóhannesdóttir**, hjúkrunarkona.

3e **Sigurjóna Jóhannesdóttir**.

- 3f **Líney Jóhannesdóttir** 1913-2002. Rithöfundur. 10. barn af 11. Allir 5 drengir létust. Líney tók saman bókina *Það er eitthvað sem enginn veit* í samstarfi við Þorgeir Þorgeirsson. Kom út 1975. Þetta efni er m.a. sótt í þá bók. Einn kafli bókarinnar fer í að lýsa *Guðnýju og Benedikt á Auðnum*, sem voru flutt til Húsavíkur þegar Líney kynnist þeim. Líney er sérlega hrifin af þeim, og þá Guðnýju sérstaklega.
- M: Helgi Magnús Bergsson 1914-1978, hagfr. og forstj.
- 4a **Páll B. Helgason** f. 1938, læknir.
- 4b **Jóhannes Bergur Helgason** f. 1946, útibústj. SPRON.
- 4c **Líney Hallfríður Helgadóttir** f. 1949, skólastjóri á Raufarhöfn.

2b **Egill Sigurjónsson** 1867-1924. Hreppstjóri, úrsmiður og gullsmiður. Erfingjar hans fluttu frá Laxamýri. Hér m.a. **Hólmfríður Jónsdóttir**, móðir **Óskars Dagssonar**, sem á Sigríði Svölu Másdóttur af ætt Þveræinga (Víðis).

2c **Lúðvík Sigurjónsson** 1871-1938, kaupmaður, útgerðarmaður og kennari á Ak. Átti Margréti Stefánsdóttur Thorarensen.

2d **Líney Sigurjónsdóttir** 1873-1953. Átti Árna Björnsson prófast í Görðum á Álftanesi. Skrifaði nöfnu sinni bréf og gaf henni silfurskeið. Hér er að finna **Jón L. Árnason** skákmann, sr. **Sigurjón Árnason** og **Stefán Gunnlaugsson** bæjarstjóra í Hf. og alþingismann. Margar fleiri Líneyjar eru í röðum afkomenda Sigurjóns, m.a. **Líney Skúladóttir** arkitekt.

2e **Soffía Sigurjónsdóttir**, nuddælnir á Akureyri. Dóttir hennar er **Elsa Jensen Kuhn** í Kiel, sem átti Prof. Dr. phil. Johann Bernhard Christoph Theodor Kuhn. Verheiratet seit 1931 mit Elsa Jensen. 1947/48 Lehrauftrag an der Universität Reykjavík. 1955 Großritterkreuz des isländischen Falkenordens. 1961 Verleihung der Ehrendoktorwürde der Universität Reykjavík.

2f **Snjólaug Sigurjónsdóttir** 1878-1930. Lék á orgel. Flutti suður.

M: Sigurður Björnsson, brunamálastjóri, bróðir sr. Árna í Görðum.

3a **Elín Sigurðardóttir**.

M: Lúðvík Storr, stórkaupmaður.

4a **Anna Dúa Storr**. Hún átti Frank W. Ch. Pitt.

3b **Snjólaug Sigurðardóttir**.

M1: Bruun, verkfræðingur. Þar **Knútur Bruun** lögfræðingur.

M2: Ottó Baldvinsson, raffræðingur.

3c **Ingibjörg Sigurðardóttir Björnsson** 1905-1983.

M: Sigursteinn Magnússon. Gegndi starfi yfirmanns SÍS í Evrópu, auk þess að vera ræðismaður Íslands í Edinborg.

4c **Magnús Magnússon** 1929-2007. Sjónvarpsm. hjá BBC. Jón Baldvin segir: „Þeir Hermann [Pálsson] hittust þá reglulega á síðkvöldum og um helgar til þess að vinna að þýðingum sínum á hinum helstu Íslendingasagna yfir á ensku. Hermann gætti fræðilegrar nákvæmni, en Magnús léði þýðingunni litbrigði

hins listræna stíls. Hann átti ekki langt að sækja það. Lífskúrstnerinn og listaskáldið, Jóhann Sigurjónsson, var ömmubróðir Magnúsar.“

K: Mamie Mary Ian Baird f. 1925.

5a **Sally Magnusson** f. 1955. Skrifaði um móður sína. Fleiri systkini.

3d **Jóhanna Ólína Schou Sigurðardóttir**.

M: Sveinn Pétursson, augnlæknir.

3e **Björn Sigurðsson**, læknir í Keflavík. Sonur hans er **Sig. Björnsson** læknir.

3f **Sigurjón Sigurðsson** 1915-2004, lögr.stj.

K: Sigríður Kvaran. Þar eru m.a. **Birgir Björn** og **Árni**.

2g **Jóhann Sigurjónsson** skáld og bohem í Kph. 1880-1919. Stúdent 1899. Átti **Grímu** með Elinoru, sem hvarf og virðist óþekkt. Jónas Hallgrímsson skáld var frændi hans. Jóhann og Gunnar skáld Gunnarsson hittust oft í Kph. meðan Gunnar snaraði Fjalla-Eyvindi á íslensku og „skemmtu sér vel“.

K: (1912) Ingeborg (lb) Böms. Hún „bar heita ást til Jóhanns“. Sendi frá sér ljóðabókina *Mindernes besög*. Líney segir frá því að þegar Jóhann lætur Höllu fleygja barni sínu í fossinn, sé hann að lýsa því hvernig hann missti af Grímu, vegna andstöðu lb.

3a **Gríma** 1906-1975. Falleg. Bohem. Heillandi. „Min elskede far!“ Íslenska hennar var léleg. Yfir henni hvíldi sorg og söknuður. Ingeborg var vond við hana og hélt henni frá föður sínum. Líney segir að hún hafi rægt hana og sagt hana rangfeðraða. Það varð til þess að Grímu var ekki boðið á frumsýningu á Fjalla-Eyvindi í Þjóðleikhúsinu. Sjálf átti lb ekki börn.

M: M. E. J. Andersen, endurskoðandi í Kph.

4a **Jytte Andersen**.

Már Viðar Másson/2015.11.09.

ÞORGEIR ÞORGEIRSSON

ÞAÐ ER EITTHVAÐ SEM ENGINN VEIT

u

Líneyja Jóhannsdóttir

ÍÐUNN

1975

Guðný

Áður en ég lýk þessari frásögn og hverf úr Þingeyjarsýslu verð ég eiginlega að segja frá konu sem hafði afar sterk áhrif á mig, unglinginn. Hún hlýtur að hafa verið ótalmörgum öðrum mikils virði. Og áhrifa hennar hefur gætt bæði leynt og ljóst.

Til þess þarf að seilast útfyrir hring þessarar bókar. Ég kynntist henni ekki fyrr en að þeim kafla ævi minnar sem bókin segir frá var lokið.

Og þó má eiginlega kalla það eftirhreytur.

Þegar ég var fjórtán ára gömul fékk ég að vera á Húsavík í rúman mánuð. Þá var mitt fólk ekki lengur á Laxamýri. Erfingjar Egils fluttust þaðan eftir fá ár, þannig að Laxamýri var aldrei nema rétt níutíu ár í ættinni. Saltvík var komin í eyði og pabbi hættur kennslunni norðurá

ÞAÐ ER EITTHVAÐ...

Langanesi, kominn úr útlegðinni eins og hann orðaði það, og var í skjóli dætra sinna suðrí Reykjavík.

En við áttum vini á Húsavík. Það var Unnur Bjarklind, Hulda, og hennar fólk. Það hélt tryggð við okkur gegnum þykkt og þunnt.

Foreldrar Huldu þau Guðný og Benedikt frá Auðnum voru þá löngu flutt á Húsavík þar sem karlinn vann hjá kaupfélaginu og sá um bókasafnið.

Vinátta okkar við þetta fólk stóð á gömlum merg þar sem var vinátta föður míns og Benedikts.

Það voru ekki félagsmálastörfin sem tengdu þá saman.

Faðir minn var alveg einstaklega laus við nokkurn áhuga á opinberum embættum og félagsmálavafstri. Og ég man vel að sú deyfð kom honum í koll þá loksins hann sýndi lit á gamals aldri.

Þá fékk hann áhuga á frystingu kjöts — til að fólk gæti fengið betri fæðu. Það var stofnað einhverskonar frostfélag í þessum tilgangi og hann átti, man ég, einhvern smáhlut í því.

Nú var áhuginn vaknaður. Og þá var ekki að sökum að spyrja. Hann bauð sig fram til að stjórna þessu frostfélagi eða frystihúsi sem hann taldi vera framtíðarmálefni.

Hann kom svo heldur undrandi heim af fundinum þar sem þessi kosning hafði farið fram því hann hafði ekki fengið nema eitt atkvæði, sitt eigið.

Ég man að okkur stelpum fannst þetta óskapleg móðgun við hann og vorum hneykslaðar. En sjálfur hló hann dátt þó undrandi væri.

Eins man ég óljóst eftir því að hann var eitt-hvað viðriðinn hverafélag og grænmetisræktunartilraunir við Stóru-Reyki í Reykjahverfi. Það var ekki gróðurhús heldur ylrækt á hverasvæðinu.

Eiginlega man ég þetta ekki nema í sambandi við mistök sem mér sjálfri urðu á og var strítt með.

Brekknakot er í námunda við hverasvæðið. Ég hef ekki verið gömul þegar þetta var því ég átti erfitt með að segja nöfn. Þarna voru meðal annars ræktaðar næpur. Og piltur þaðan kom með poka á bakinu upp túnið heima og bað mig fyrir skilaboð inni bæ.

Hann hét Böðvar.

— Bölvaður í Brekknakoti er kominn með ræpu! voru skilaboðin þegar ég kom heim í bæinn. Og var hent gaman að.

Þetta ræktunarævintýri hefur naumast orðið langlífara en frostfélagið. Annað man ég ekki um það.

Og þar með lýkur vitneskju minni um opinbert

ÞAÐ ER EITTHVAÐ...

stúss pabba míns.

Benedikt og hann hafa því verið ólíkir að þessu leyti. Og ég man að stundum sárnaði pabba við Benedikt sem var orðheppinn og opinskár. Þá hefur hann trúlega oft skotið niður fyrir honum framtíðarloftkastala, enda var áhugi Benedikts meiri á nærtækari verkefnum.

Samt gat hann vel hrifist með.

Unnur Bjarklind sagði mér einmitt sögu af því. Pabbi hafði snemma eignast ameríska bók um flug. Hann var alveg heillaður af möguleikum þess, eða minnsta kosti draumsýnum um þá möguleika.

Þá fór hann að hitta Benedikt til að ræða þetta við hann.

— Mikið lifandis ósköp held ég það sé gaman að geta flogið, hafði pabbi þá sagt.

Og jú, Benedikt var nú kanski á því að svo gæti verið, en fannst þó óraunhæft að hægt væri að fljúga svona neitt að ráði.

Þá segir pabbi:

— Ef ég gæti flogið þá væri mér alveg sama þó ég flygi beint inní eilífðina!

— Ja, segjum tveir, sagði þá Benedikt og var alveg orðinn með á nótunum.

En það voru bækurnar sem allrahelst sameinuðu þessa tvo menn.

Benedikt var svo lítill og grannvaxinn að mér er sagt að Húsvíkingar hafi verið síhræddir um að hann fyki í einhverjum vetrarstorminum, sérlega eftir að hann var orðinn gamalmenni. En hann var stórveldi í menntun Þingeyinga.

Guðný kona hans var heldur minni en hann. Og ég man að sífelld var ég að undrast hvernig svona smávaxin og grönn kona hefði getað átt öll þessi börn.

Hún var bróðurdóttir Guðnýjar í Klömbrum.

Benedikt var kátur, hress og spaugsamur í tali. Guðný var hæg og alvörugæfin. Bæði voru þau stórgáfuð, sérstaklega hún.

Þau voru eins og mörg gömul hjón sem lengi hafa búið í góðu samlyndi orðin líkari hvort öðru með árunum. Sambúðin sléttar ólíkindin og undirstrikar líkindin. Að mestu.

Og sambúð þeirra varð ein sú lengsta sem um getur. Þau trúlofuðust á fermingardaginn, hún varð næstum níráð en hann komst hátt á tíráðisaldur. Og nærri áttatíu ára sambúð fólks er, trúi ég, fremur sjaldgæf.

Í fyrstunni var ekki laust við að mér stæði hálfgerður stuggur af Guðnýju. Hún opnaði dyrnar hjá sér og kallaði á mig. Dálítið var hún hvöss og ekkert blíð á manninn. Og inni hjá þeim var þetta risavaxna bókasafn.

ÞAÐ ER EITTHVAÐ...

Fyrst hélt ég að hún ætlaði að fara að rekja úr mér garnirnar eins og konur gera stundum, spyrja hvernig mér líkaði og svoleiðis. En það var þá eitthvað annað.

Hún bauð mér sæti og við fórum að tala saman. Það sem mér hafði fundist hryssingur í henni var ekki nema myndugleiki. Hún ræddi við mig um alla heima og geima. Og það var sama hvað maður spurði hana um. Hún vissi það. Um þetta leyti hefur hún verið hálfnýræð en mér fannst ég hafa verið að tala við unga stúlku þegar ég kom frá henni. Nema náttúrlega þekkingin og lífsreynslan var óprotleg.

Þessum fyrstu samfundum okkar lauk með því að hún fékk mér ótal bækur og sagði mér að taka þær með inn til mín.

— Þetta skaltu lesa, sagði hún.

Og allt voru þetta bækur sem ég einmitt hafði þörf fyrir að lesa þá. Þar sýndi hún þennan eiginleika sem Benedikt var frægur fyrir — að velja fólki lestrarefni við þess hæfi og þurftir. Til þess þarf bæði mikla bókþekkingu og örugga mannþekkingu. Annars verður lestrarstjórnin ítroðsla.

Guðný fannst mér þeim mun fágætari sem ég kynntist henni betur. Og hún var líka góð kona. Áreiðanlega hefur ævi hennar ekki verið neinn dans á rósum. Benedikt var mikið í félagsmálum

og öðrum hugðarefnum svo reikna má með að búið hafi eitthvað setið á hakanum.

En sambúð þeirra virtist alveg frábærlega góð.

Þó var eitt sem ég komst ekki hjá að taka eftir. Hversu góð sem sambúð þeirra var að öðru leyti þá virtust þau aldrei geta setið hlið við hlið. Ég var að furða mig á þessu og fannst það vera hún sem aftók það. Þetta var engin óvinátta, síður en svo. Hún bara gat ekki setið við hliðina á honum.

Ég hafði orð á þessu við dóttur þeirra, Huldu, en hún gaf mér enga skýringu. Bara hló.

Þetta er mér ennþá hulin ráðgáta.

Líklega hefur Guðný verið nokkuð sérsinna með greindinni. Og máski hefur það komið fram í svona daglegum smámunum.

Þegar ég hugsa til þess hvernig Guðný hjálpaði mér á þessum skamma tíma að finna sjálfa mig þá rifjast upp alveg sérstakt atvik.

Í þessari ferð kom ég að Laxamýri og hitti gömlu vinnuhjúin sem voru þar enn hjá Jóni Þorbergssyni. Sigga Páls spurði mikið um systurnar, einkum Snjólaugu. Og hún var klökk þegar hún bað fyrir kveðju til hennar.

Ponni gamli sagðist ætla að skrifa mér bréf. Og gerði það.

Þegar við ókum hjá Laxamýri á suðurleiðinni

ÞAÐ ER EITTHVAÐ . . .

sáum við eitthvað hvítt flagsandi á símastaur við veginn. Og mikið rétt, það var bréfið frá Ponna gamla.

Utaná því stóð: Líney úr Reykjavík.

Ég man að þetta kom einhvernveginna þannig við mig að ég áttaði mig á því hverslags sambandi ég hafði náð við Guðnýju. Mér fannst ég ekki vera úr Reykjavík.

Og síðan hef ég náttúrlega enn betur gert mér grein fyrir hvað ég var í rauninni heppin að fá að kynnst þessari merkis- og menntakonu.

Flest er þetta fólk afskaplega góðir Þingeyingar.

Aðalbjörg dóttir þeirra Guðnýjar og Benedikts var móðir Egils Jónssonar, klarínnettuleikarans frá-bæra. Þar kom tónlistargáfan í þessu fólki vel í ljós.

Einusinni hitti ég Aðalbjörgu á tónleikum í Þjóðleikhúsinu. Egill sonur hennar var að halda sinn fyrsta konsert og lék af mikilli snilld. Við Aðalbjörg mættumst í hléinu. Og ég var að óska henni til hamingju með soninn og lofsyngja leik hans.

Þá sagði gamla konan:

— Já, já. Ég er fegin að hann fær að æfa sig hérna áður en hann kemur norðurá Húsavík að spila.

Kafla Líneyjar um Guðnýju og Benedikt á Auðnum er lokið.

Næst koma tvær síður, framar úr bókinni, þar sem minnst er á hjónin.

Síðan tvær greinar sóttar annað.

FRAMANDI GESTIR

Það er vel leikið. En hvaðan er þetta komið? Sagði Jóhann ekki að í Höllu væri dönsk konusál? Ekki man ég betur.

Og hvaðan kemur skáldskapurinn?

Það er eitthvað sem enginn veit.

En hann er eins og framandi gestur. Rödd hans er auðþekkt frá rödd rangindahundanna, þessari sem heyrðist úr musterinu. Og heyrir í öðrum musturum, dómsölum og leikvöngum. Það er óréttlát, grimm og miskunnarlaus rödd í hvaða mynd sem hún birtist. Og ræðst helst að þeim sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér. Hún lýgur, sú rödd, og þýrmir hvorki saklausu barni né sjúkum manni. Og ræðst inní líf manns til að greiða götu dauðans.

En skáldskapurinn er aufúsugestur og þetta hér því enginn útúrdúr. Þó ég raunar aldrei ætlaði mér annað en segja bara frá því hvað þabba gamla var mikil þökk í góðum gestum.

Hann var eirðarlaus ef hann ekki hafði einhvern gestkomandi að tala við í lengri tíma. Þá reið hann kanski útá Húsavík að finna einhvern vinnu sinnu, helst Benedikt frá Auðnum.

Og þá man ég það að einmitt þessi vinur hans, þessi smávaxni maður sem réði meiru en flestir aðrir um gang mála í sýslunni hann sat einu sinni á hesti sínum og horfði heim að Laxamýri eins

T
↓

ÞAÐ ER EITTHVAÐ...


og kynleg goðvera.

Þá lék allt í lyndi. Og Benedikt sagði:

— Hvenær fer allur þessi auður?



Guðný á Auðnum



Benedikt á Auðnum

SKÁLDIÐ FRÁ LAXAMÝRI

EFTIR EYBÓR RAFN GISSURARSON

Jóhann Sigurjónsson blómstraði sem leikritaskáld með Fjalla-Eyvindi. Sumarið 1911 hafði hann lokið við leikritið á dönsku. Hann fékk þá Gunnar Gunnarsson til að skrifa það á íslensku og fékk Gunnar eina krónu í kaup á dag. Áttu þeir tveir miklar ánægjustundir við verkið.



JÓHANN Sigurjónsson.

Um það bil 35 árum eftir að Jónas Hallgrímsson lést, fæddist ættingi hans, Jóhann Sigurjónsson, hinn 19. júní 1880, sonur stórbóndans Sigurjóns Jóhannessonar á Laxamýri, og þar óx hann upp. Hann hlaut ýmsa uppfræðslu hjá Jóhannesi bróður sínum í forældrahúsum og dvaldist einn vetur hjá Árna Björnssyni presti á Sauðárkróki. Sautján ára settist hann í annan bekk Latínuskólans í Reykjavík, haustið 1896, og lauk þar prófi með góðum árangri úr fjórða bekk, vorið 1899. Hélt hann þá um haustið til Kaupmannahafnar, hóf nám við Landbúnaðarháskólann þar og hugðist verða dýralæknir, en fjórða bekkjar prófið nægði Jóhanni til innngöngu í þann skóla. Jóhann hætti námi sínu við Landbúnaðarháskólann 1902 og átti þá aðeins eftir eins árs nám til lokaprófs.

Í Danmörku kynntist Jóhann konu sinni. Hún hét Ingeborg Blom, átta árum eldri en Jóhann, og kölluð Ib. Þegar þau Jóhann hittust fyrst var hún gift skipstjóra sem hét Thiedemann en hún skildi við hann og hóf sambúð með Jóhanni. Þau giftu sig 5. nóvember 1912. Jóhann og Ib eignuðust ekki börn en Jóhann hafði áður en hann kynntist Ib, eignast stúlukubarn með norsk- eða sænskætt- aðri konu sem var nefnt Gríma og lést 1975.

Jóhann fer ungur utan, árið 1899, aðeins 19 ára gamall. Hann átti í fyrstu í miklum erfiðleikum með að aðlagast Kaupmannahöfn en sigraðist með tímanum á þeim í fullkomnara mæli en flestir landar hans. Í Danmörku byrjar vegur hans sem skálds og þá fyrst og fremst sem leikritaskálds. Það sem hefur átt sinn þátt í því að Jóhann einbeitti sér að samningu leikrita er eflaust hin mikla fræðð skandinavískra leikritahöfunda, t.d. Strindbergs, Ibsens og Björnsons og það að í þessari bókmenntagrein var skemmsta leiðin í átt til skáldfræðgar og auðs. Hann samdi annaðhvort á dönsku eða íslensku og notaði þrjú bókmenntaform fyrir utan leikritin: ljóð, ævintýri og spakmæli. Ljóðin sem hann samdi þóttu frumleg og sérstæð á sínum tíma en vöktu ekki mikla athygli. En síðar kom í ljós að hann var á undan samtíð sinni sem ljóðskáld og Jóhann Hjálmarsson segir í bók sinni, Íslensk nútímaljóðlist, að íslensk nútímaljóðlist hafi byrjað með ljóðinu Sorg eftir Jóhann Sigurjónsson.

Jóhann gaf aldrei út ljóðasafn, birti aðeins nokkur ljóð í blöðum og tímaritum og væri því mögulegt að álykta sem svo að hann hafi aldrei tekið ljóðagerð sína það alvarlega að ástæða sé fyrir aðra að gera það. Tíminn hefur þó leitt í ljós að sum ljóða Jóhanns eru með því besta í íslenski ljóðagerð.

Jóhann mun hafa ort ljóð í skóla og ef til vill þegar á barnsaldri og haft er eftir honum að áður en hann sigldi til Kaupmannahafnar hafi hann skrifað fyrsta leikritið og var það leikið við einhverja félagsskemmtun í Reykjavík. Það leikrit nefndist Skugginn. Næsta leikrit hans og hið fyrsta sem kom á prent, á dönsku, heitir Rung læknir. Jóhann hafði lifað í aldarfjórðung þegar hann fékk þetta leikrit útgefið hjá útgáfufyrirtækinu Gyldendal sem þá bar ægishjálmi yfir öll önnur bókaforlög á Norðurlöndum. Að fá bók útgefna hjá Gyldendal þótti á þessum tíma fullgild skáldleg viðurkenning. Áður en Jóhann sendi Gyldendal handritið fékk hann Björnsterne Björnson til að líta á það og mögulegt er að Jóhann hafi fengið leikritið gefið út vegna meðmæla Björnsons. Gunnar Gunnarsson segir að misfærðar á Rung læknir séu auðfundnar, ekkert leikhús vildi sinna leikritinu og það komst ekki á leiksvið fyrr en 25 árum síðar og þá aðeins á tilraunaleiksvið. Tveimur árum eftir að Rung læknir birtist, kom Bóndinn á Hrauni út. Gunnar Gunnarsson segir um það leikrit að efnid sé úthvælt og Jóhann náð engum „verulegum andhita í meðferð efnisins“ og að vettlingatök in Rung læknir séu jafnvel skáldlegri! Á þessum tíma er Jóhann farinn að

hugsa um Fjalla-Eyvind, fyrstu drögin að honum urðu til veturinn 1909-1910.

Gunnar Gunnarsson segir að til sé sérstök tegund listaverka sem ekki verði lýst betur en með því að segja að þau hafi orðið til fyrir „guðs náð“ og að Fjalla-Eyvindur hafi öll einkenni slíks listaverks: einfaldnina, sakleysið jafnvel í syndinni og raunþungann.

Listaverk af því tagi geta um leið verið meistaraverk; þau þurfa ekki að vera það. Þau yfirgnæfa jafnvel meistaraverk. Það er svo langt frá því að öll meistaraverk séu til orðin fyrir náð guðs! Skáldverk eins og Fjalla-Eyvindur halda sig engan veginn innan vébanda listarinnar einnar saman; þau geta brotið tilfínanlega í bága við strangar listakröfur, án þess að á þau falli. Þau taka til hjarta, hugar, vits og sálar í einu, en einkum til hjartans. Þau eru sá auður mannkynsins sem allt um bætur og síst má án vera.

Sumarið 1911 hafði Jóhann lokið við Fjalla-Eyvind á dönsku og skilað handritinu. Hann fékk síðan Gunnar Gunnarsson til að skrifa það á íslensku og fékk hann eina krónu á dag í kaup. Áttu þeir tveir miklar ánægjustundir við þá iðju. Og var orðið svo þröngt í búi hjá Jóhanni að hann varð að veðsetja innanstokksmuni sína, ábreiðan hvarf af rúminu, spegillinn af veggnum, silfur-vindlingaveski Jóhanns úr vasanum og fleiri smámunir, og að lokum urðu þeir að veðsetja vestin sín en það hafði ekkert að segja, þeir voru að þýða Fjalla-Eyvind á íslensku. Gunnar segir nú reyndar að þetta hafi ekki verið í fyrsta skipti sem Jóhann veðsetti hluti sína.

Það kom fyrir eigi allsjaldan að ábreiðan var lögð saman kirflega og borin til „frænda“. Hitti maður Jóhann á götu þá bauð hann annaðhvort upp á ölkollu eða spurði: „Byður þú upp á glas?“ Væri því neitað og snúið við vös- um, hló Jóhann og hófst á loft: „Ég get boðið upp á spegil!“ Var þá spegillinn sóttur og borinn undir hendinni til sérstaks „frænda“ á Norðurbú sem mat hann meir en aðrir frændur. Á okkar fyrstu kunningsskaparár- um kom það fyrir oftar en einu sinni að Jóhann bauð upp á spegil!

Nokkru seinna var Fjalla-Eyvindur leikinn á Dagmarleikhúsinu og varð það eitt af hinum ógleymanlegustu kvöldum í danski leiklist. Gunnar Gunnarsson segir að sjaldan hafi frumleik nokkurs skálds verið tekið af jafnmiklum og verðskulduðum fögnuði. Á næstu árum var leikritið þýtt á ný tungumál og fór sigurför víða um heim.

Á eftir Fjalla-Eyvindi undi Jóhann sér við að semja Galdra-Loft. Það var sýnt í Dagmarleikhúsinu 22. janúar 1915.

Fyrir utan tvö ófullgerð leikrit, Myndhöggvarann og Frú Elsu sem var síðasta verkið sem hann vann að og lauk ekki, var síðasta fullskrifaða leikritið verk sem Jóhann nefndi Lyga-Mörð og að því er best er vitað samdi hann það að annarra undirlagi, einkum af danskra hálfu og var leikritið sýnt í Kaupmannahöfn. Voru bókmenntaráðunautar Gyldendals og Konunglega leikhússins hrifnir af verkinu en Leikfélag Reykjavíkur neitaði að sýna það vegna þess að fornsögurnar væru svo mikils metnar að það myndi ganga helgisþjöllum næst að fara að yrkja þær upp.

Jóhann var ekki bara skáld, hann reyndi að finna upp hluti sem hann gæti fengið einkaleyfi á og grætt á. Árið 1910 tók hann þátt í franski samkeppni um að finna upp hættu-



GAMLI bærinn að Laxamýri. Þar fæddist Jóhann Sigurjónsson árið 1880. Myndirnar eru fengnar úr Íslenski bókmenntasögu III.

lausa hattþrjóna og 1916 aflaði hann sér einkaleyfis á rykloki yfir öglögs á veitingastöð- um en notfærði sér ekki tilboð um fjöldaframleiðslu á þeim.

Foreldrar Jóhanns voru gerólikir að gerð, faðir hans var greindur athafnamaður en móðir hans tilfinningakona og hafði dálæti á skáldskap. Faðir hans taldi fagrar bókmenntir sér óviðkomandi og það var sannfæring hans að honum bæri því aðeins að styrkja syni sína til náms að það leiddi til sýnilegs frama svo sem í læknisfræði, guðfræði eða lögræði. Hann gat líka unað við það þegar yngsti sonurinn ætlaði að læra dýralækningar. En þegar hann hætti því og sneri sér að óáþreifanlegum hlut eins og skáldskap þá var góðvild föðurins lokið. Það var ekki fyrr en 1908 þegar þeir feðgar voru lengi samvistum að tók að batna milli þeirra og 1912 var faðirinn orðinn hinn ánægðasti með son sinn, ekki vegna þess að hann legði meira upp úr skáldskap en áður heldur hins að í þetta sinn hafði það leitt til sýnilegs árangurs og upphéðar. Móðirinn skildi hins vegar eðli sonar síns og virðist samband Jóhanns og hennar hafa verið mjög náð og orti Jóhann nokkur ljóð til hennar. Einnig var kært á milli Jóhanns og Jóhannesar bróður hans og skrifuðust þeir á þegar Jóhann var ekki á Laxamýri.

Lífshlaup Jóhanns var ekki langt. Hann dó 30. ágúst 1919, aðeins 39 ára á heimili sínu, Austurgötu 56, í Kaupmannahöfn.

Lund og list

Þar hitti ég einn úngan og efnilegan grasafræðing, Jóhann son Sigurjóns gamla, og hafði hann safnað allmiklu í sumar og mörgu sjaldgæfu. Hann hafði ákveðið flest rétt, einkum starirnar og þótti mér merkilegt.

Þetta sagði Ólafur Davíðsson í bréfi til Stefáns Stefánssonar skólameistara 8. ágúst 1898 og er frá því þegar Ólafur kom að Laxamýri skómmu áður þá um sumarið. Jóhann var mikill áhugamaður um náttúrufræði og sýna eftirfarandi erindi það en ljóðið, sem þau eru

tekin úr, orti Jóhann þegar hann hafði skoðað bók eftir Benedikt Gröndal, skreytta myndum af öllum dýrum Íslands.

Hjá Benedikt Gröndal

Hann lét mig setjast við lítið borð og lauk upp bókinni sinni. En sérhvert kröftugt og kjarngott orð af kappi ég festi í minni.

Á fyrstu blaðsíðu fálkinn var í fögrum drifhvítum klæðum, og tignarhöfuðið hátt hann bar, en heitt varð mér blóð í æðum.

...

Svo fletti hann bókinni, mynd við mynd sem mæðir á rós á grjóti eða Eygló og himinn í hafsins lind mér hýrlega brosti í móti.

Það var sem fuglarnir færu af stað og flygju á laufgöllum greinum. Það var eins og andvari bærði blað á beinvöxnum, fögrum reynum.

Þetta kemur heim við kafla í bréfi Jóhanns til Jóhannesar bróður síns, dagsettu í Reykjavík 29. nóvember 1896:

... oft hefur komið fyrir, að ég hef ekki nemnt að lesa fögin, en verið að lesa dýrafræði, grasafræði og trúfræði eftir Ingersoll (Tænk selv o.fl.). Það eru aðeins þrjú fög er ég vanræki aldrei: dýrafræði, enska og stærðfræði, enda hef ég betur í þeim og er álitinn af bekkjarbræðrum að vera betri í þeim en nokkur annar í okkar bekk.

Jóhann var námsmaður í nær öllum greinum, sérstaklega í stærðfræði, og þegar hann hætti námi sínu í Reykjavík til að leggja stund á dýralæknisfræði sagði stærðfræðikennari hans að það væri að kasta perlum fyr-

ir svín. Annars virðist Jóhanni hafa verið svo til sama um einkunnir sínar. Í bréfi til bróður síns, dagsettu 23. febrúar 1899 segir hann:

I sögunni gekk ég upp í dag, og þá vildi það óhapp til að kennarinn var á gati og sagði það rangt sem rétt var. Mér datt auðvitað ekki í hug annað en standa fast á mínu og kennarinn varð að jata það eftir að hann var búinn að gá í bókina, en svo á eftir fékk ég ónota spurningar í meira lagi og sagði eitt rangt, og mér hlotnaðist 52. Í stílnum fékk ég 42, og enginn fékk hærra en tveir jafn hátt.

Já, er það nú víð og romsa allt þetta um vitnisburð, mér stæði svo hjartanlega á sama um hann ætti ég ekki foreldra en foreldrunum þykir vænna um þess sonur þeirra heldur ofarlega (!) og þess vegna er rétt að gjöra eitt-hvað til þess.

Hneigð Jóhanns til skáldskapar virðist hafa komið snemma fram og lífsstarf hans því rök-rétt framhald þessara hneigðar. Á Laxamýri kom fyrir að færð voru upp leikrit og móðir hans hafði dálæti á skáldskap eins og fyrr er minnst á. Á heimilinu var vinnufólk og verkstjórnin, Árni Sigurðsson, var hagnæmtur og fræddi hinn námfúsa dreng um bragarhætti. Það sem vó á móti þessu var heimilisfaðirinn, Sigurjón Jóhannesson, sem hafði lítið álit á fögrum bókmenntum en það kann að vera að örlitil andstaða við listhneigð Jóhanns hafi einungis eftir löngun hans til að verða viðurkennt skáld.

Það kemur fram í bréfum Jóhanns til bróður síns að hann hefur verið byrjaður að yrkja allmikið þegar hann var í skólanum í Reykjavík en Jóhann hefur annars fundið lítið andrúki í námsbókunum en leitast við að lesa áhugaverðara efni með námsefninu. Hann hefur auk þess verið lítið hrifinn af Reykjavík.

Af mínu andlega lífi er það að segja að það er heldur vesælt. Það er ekki eins mikið andrúki í fínum skólaskráðum eins og í iðjagrænum hlíðum og blómskrýddum böllum; það er meira líf í lækjum og fossum heldur en stöðupollinum hérna í Vík.

Það helsta, sem ég hef lesið utan hjá eru nokkrir enskir „romanar“, svenskan, danskan, norskan skáldskap og dálítið í efnafræði og náttúrufræði.

Á skáldferli sínum kynntist Jóhann bæði mót-læti og meðlæti, þó er hægt að segja að meðbyrinn hafi verið ráðandi. Með Fjalla-Eyvindi vann hann sinn stærsta sigur. Sem dæmi um það má nefna að í Berlín var hann sýndur í leikhúsi sem tók 2000 sæti, troðfylltist húsið og var leiknum tekið með miklum fögnuði. En Jóhann varð ekki eins heppinn með Galdra-Loft. Konunglega leikhúsið dró að leika hann þangað til í september, sem var verstí leikmánuður ársins, þvert ofan í gefin loforð. Þessu reiddist Jóhann og lét leika Galdra-Loft í Dagmarleikhúsinu og fannst honum fólkið taka honum vel en ritdómarmannir voru ekki eins hrifnir. Var Galdra-Loftur sýndur 13 sinnum fyrir hálf-tómu húsi. Taldi Jóhann að öfundskylin væri undirrót hinna slæmu ritdóma. Annað varð hins vegar uppi á teningnum þegar Jóhann las Lyga-Mörð fyrir um 250 námsmenn á stúdentaundi í Svíþjóð.

... ég las í 1 og 1/2 tíma og var lesturinn svo mjög rómaður að ég varð að rita nafn mitt í vasabækur flestra ungu kvennanna og piltanna og amatörfotographer ætluðu mig lifandi að drepa.

Á Reykjavíkúrurunum hafði Jóhann verið eldheitur áróðursmaður fyrir bindindi en á árunum eftir tóttugt var það ekki lengur svo, þá þótti honum gott að dreypa á afurðum vínvíðarins og dýrkaði Bakkus ef til vill of mikið. Síðustu tíma ævinnar rann sjaldan af honum vín. Jóhann var orðinn sjúkur á þessum tíma og það getur verið að áfengisneysla hans hafi verið afleiðing sjúkdómsins, Jóhann hafi notað áfengið sem deyfilyf á vanlíðanina.

Sagt var að Jóhann líktist mjög móður sinni, Snjólaugu Þorvaldsdóttur, en þaðan er rúnninn skýldleikinn við Jónas Hallgrímsson. Móðir Jóhanns, Valdín, var bróðir Hallgríms föður Jónasar. Ytra útliti Jóhanns var ekki auðlýst og var hann þó sérkennilegur.

Hann var meðalmaður á hæð, fremur holdgrannur en hitt, þreklegur, gekk hróðum skrefum, örlítið álútur, og hægri öxlin ívið

hærri en hin. Hann var dökkur yfirlitum, nærri svartur, enda af sumum kunningjum sínum kallaður krummi, sveipur í hárinu yfir miðju enni, andlitið aflangt, augun gráblá, stundum allt að því blá, en áttu það til að dökkna, nefið hátt og eilítið bogið.

Kona hans lýsir honum í endurminningum sínum, Heimsókn minninganna, á þann veg að hann hafi verið smávaxinn, dökkhærður og óvenju fallegur í andliti.

Helge Toldberg segir að Jóhann hafi minnt á norrænar fornaldar-hetjur sem skapanorminnar hlöðu á góðum gjöfum en bættu við einni illri. Hann var viðfelldinn í fasi, hafði mikla persónutöfra, hafði taumlausa löngun í frægð og fé og einnig mikið áráði þegar hann tók til við eitthvert verkefni. En á móti þessu kom minnkandi sjálfstjórn og hæfileiki til að einbeita sér. Hann var skapstór og geðsveiflur hans reyndu mjög á langlundargeð vina hans. Hann gat orðið eins skapæstur og hann var hversdagslega gæf-



GUDRÚN Indriðadóttir í hlutverki Höllu í Fjalla-Eyvindi í sýningu Leikfélags Reykjavíkur 1911.

ur og átti á slíkum stundum til að segja illt við vini sína eða um þá. Þetta fór í vöxt síðustu árin þegar hann var orðinn sjúkur og þegar Jóhann dó var hann orðinn ósáttur við nánustu félaga sína, Guðmund Kamban og Gunnar Gunnarsson. En þeir þekktu þó báðir hann innri mann frá hjartari stundum og skildu það að hann hafði ekki haft taumhald á sjálfum sér. Í augum þeirra var hann óvenjulegur maður með skáldaedli sem kom enn gleggja fram í fari hans en verum.

Hér hefur verið minnst á tvo lesti Jóhanns, að geta ekki lagt bönd á tungu sína og drykkjuna en þriðja meinið var það að hann var stundum þjakaður af þunglyndi og minnst á það í einu af bréfum sínum til Ib.

Bréf Jóhanns veita mikla innsýn í hug Jóhanns. Það gerir eftirfarandi draumur sem Jóhann segir bróður sínum frá í bréfi, dagsettu 15. febrúar 1899, en auk þess er hann spáðómur um það sem fyrir honum átti að liggja:

Mig dreyndi undarlegan draum í nótt, ég var staddur niðri í Ærvík og ætlaði að klifra upp ytra klifið, fjöldi fólks var á leiðinni upp og það fór hrollur um mig þegar ég sá aðfarirnar. Hver togaði í annan til þess að komast í hans stað og allir börðu frá sér til þess að hafa sem rýmst. Sumir hröpuðu niður hvað eftir annað og gáfust að síðustu upp, órmagna af þreytu, aðrir stóðu órvæntingarfyllir fyrir neðan og vöguðu aldrei inn í þröngina enda var vegurinn miður glæsilegur því harðfennishengja var á leiðinni. Ég hugsaði ráð mitt. „Eigum við ekki lagi“, sagði ég við þann næsta, „að mynda félagsskap, senda tvo, þrjá heim eftir rekum og moka harðfenninu burt?“ „Hverja eigum við að senda?“ sagði hann háðslega. „Við biðjum þá sem eru rétt að segja komnir upp að sækja rekurnar og lofum



GUNNAR Eyjólfsson og Kristbjörg Kjeld í hlutverkum Lofts og Steinunnar í uppsetningu Þjóðleikhússins á Galdra-Lofti árið 1967.



ÁRNI Eiríksson í titilhlutverkinu á uppfærslu Leikfélags Reykjavíkur á Bóndanum á Hrauni.

þeim fé og virðingu fyrir.“ „Ha, ha, ég ætti nú ekki annað eftir en að fara að gefa öðrum af því litla sem ég hefi, þá vil heldur dása hér til eilífdar.“ Ég þagnaði og horfði hryggur í bragði upp í klifið, ég hafði ekki geð í mér til þess að fara að hrinda vesalings gamalmenn-um og sjúklingum niður, en með öðru móti var torvelt að komast upp. Þá hugkvæmdist mér að leita uppgöngu norðar þar sem aðrir höfðu aldrei áður farið. Það þá sýndist auðvitað dálítið gífurlegt en hvað um það, það verður þá ekki annað en að ég hálsbrotna, og svo lagði ég af stað. Hægt og hægt í krakustíg hélt ég upp nyrst í klifinu, loksins kom ég að hengjunni; ég byrjaði ótraudur á uppgöngunni og klóraði mig áfram en ísingin var hörð og köld viðkomu. Rétt þegar ég var í miðri hengjunni heyrði ég óp mikið fyrir neðan, mér varð að snúa mér við og líta niður á þyrpinguna, hvað voru menn að kalla? Jú þeir voru að kalla í mig, þeir höfðu tekið eftir mér. „Ertu vitlaus, strákasni, þú drepur þig á þessu, heldur þú virkilega að þú komist þarna upp? Niður með þig.“ Það sló köldum svita um enn-íð á mér og ónota hryllingur læsti merg og bein, ég leit burt frá fjöldanum og horfði upp en uppi stóðu langir slánar og veltu hlajandi niður snjóboltum. Þá kom næstum illska í mig, ég beit á jaxlinn, gróf hendur og fætur í harðfennið og reif mig áfram, ég skal upp, upp; boltarnir putu í kringum mig, halló nú var ég kominn yfir hengjuna en í því kom bolti beint framan í mig og við það hrökk ég upp.

Margt er hægt að lesa út úr þessum draumi

og hægt væri að túlka leiðina sem Jóhann fór upp klifið á þann veg að hún sé forspá um það að Jóhann ákvað að hætta námi í dýralækningum og stefna að því að verða viðurkennt skáld. Jóhann reyndi að lifa af skáldskap sínum og vann lítið vanalega vinnu. Hann var einna fyrstur Íslendinga til að gera það.

Á bls 3 er birt ljóð Jóhanns Sigurjónssonar, Víkingarnir. Í anda nýrómantíkurinnar er hér hinn sterki einstaklingur dádur, sem trúir á mátt sinn og megin. Sveiflurnar sem birtast í anda þessara manna („þeir elskuðu, hötuðu“) eru einnig mjög í anda nýrómantíkurinnar. Þegar Víkingarnir eru bornir saman við Gunnarshólma Jónasar Hallgrímssonar sést að ekkert er sameiginlegt með þessum kvæðum annað en lýsing á fornum hetjum. En Jóhann Sigurjónsson og Jónas Hallgrímsson eru báðir rómantíkusar en Jóhann var frábrugðinn Jónasi á þann hátt að Jóhann er nýrómantíkus.

Aðalþættir nýrómantíkurinnar eru fegurðarleit, túlkun á innra lífi einstaklingsins, náttúruþyrkun, bólsýnt viðhorf til samfélagsinnar og hetjudýrkun, þ.e. manna sem þora að bjóða öðrum byrginn. Fyrstu þrjú atriðin eru þau sömu og í rómantíkinni. Það sem var þó mest einkennandi fyrir nýrómantíkina er að „yfir öllum hugarheimi hennar hvíldi svart-nættisdrungi, hamingjusamur einstaklingur var heimskur auli, séni var enginn án sorgar og því dýpri sorg því meira séni“. Þessi einkenni nýrómantíkurinnar koma fram í mörgum ljóðum Jóhanns.

Kvöldhugsjón

Feginn hátt ég hugsá vil,
hníga' ei lágt í tímans glaumi,
samt ég þrátt í þungum straumi
þyrlast máttlaust, fátt ég skil.
Drottinn! láttu' ei lifa í draumi,
líðinn brátt er tíminn naumi
duftkorn smátt, sem langar ljóssins til.

Bliknar hey og breytast lönd,
berast fley að grafarminni,
fylgir meyja móður sinni,
manninn beygir dauðans hönd;
þá ég hneigi' í hinsta sinni
höfuð og dey í miskunn þinni,
lát mig eygja ljós á dimmri strönd.

Bikarinn

Einn sit ég yfir drykkju
aftaninn vetrarlangan,
ilmar af gullnu glasi
gamalla blóma angan.

Gleði, sem löngu er liðin,
lifnar í sálu minni,
sorg sem var gleymd og grafin,
grætur í annað sinni.

Bak við mig biður dauðinn,
ber hann í hendi styrkri
hyldjuþan næturhimin
helltan fullan af myrkri.

Sólarlag

Sólin ilmar af eldi
allan guðslangan daginn,
fadmar að sér hvert einasta blóm,
andar logni yfir sæinn.

En þegar kvöldið er komið
og kulinn úr hafinu stígur,
þá kastar hún brandi á bláloftsins tjöld
og blóðug í logana hnígur.

Nóttin flýgur og flýgur
fól yfir himinbogann.
Myrkrun eys hún á eldbrunnin tjöld,
eys því sem vatni yfir logann.

Föl og grátin hún gengur
geislanna í blómunum leitar,
Enginn í öllum þeim eilífa geim
elskaði sólina heitar.

Heimildir:

Atli Rafn Kristinsson. 1980. Jóhann Sigurjónsson, Ritsafni I, II og III. Reykjavík. Mál og menning.
Árni Gunnlaugsson. 1987. „Minning: Sigurjóna Jóhannessonar frá Laxamýri“. Morgunblaðið, 23. apríl, bls. 49.
Báðvar Guðmundsson. 1978. Formáli að íslenskum aðli. Eriendur Jónsson. 1977. Íslensk bókmenntasaga 1550-1950. Reykjavík. Bókagerðin Askur.
Helge Toldberg. 1966. Jóhann Sigurjónsson. Gísli Ásmundsson þýddi. Reykjavík. Heimskringla.
Ingeborg Sigurjónsson. 1947. Heimsókn minninganna. Reykjavík. Helgafell.

Höfundurinn er kennari.



ættfræði

Ein af hinum þekktu þingeyksu ættum er svokölluð Laxamýrarætt, kennd við Laxamýri í Aðaldal. Hér verður ekki gjörvöll ættin rakin heldur einungis einn leggur hennar, sá sem er kominn af Sigurjóni Jóhannessyni (1833–1918), bændahöfðingja á Laxamýri og konu hans Snjólaugu Guðrúnu Þorvaldsdóttur (1839–1912) frá Krossum á Arskógsströnd. Þau áttu 7 börn sem upp komust: Jóhannes á Laxamýri, Egill á Laxamýri, Lúdvík kaupmann á Akureyri, Líneyju prestsfrú í Görðum, Soffíu nuddlækni á Akureyri Snjólaugu húsfrau í Reykjavík og Jóhann skáld í Kaupmannahöfn.

A. Jóhannes B. Sigurjónsson bóndi á Laxamýri, átti Þórdísi Þorsteinsdóttur. Þeirra börn:

1. Soffía Jóhannesdóttir verkakona í Rvík, átti Jóhann Eggertsson rithöfund.

Jóhann Axel Steingrímsson málara.

6c. Jóna Margrét Baldursdóttir sjúkralíði í Vestmannaeyjum.

B. Egill Sigurjónsson hreppstjóri, úrsmiður og gullsmiður (1867–1924) á Laxamýri, átti Arnþrúði Sigurðardóttur. Þeirra börn:

1. Sigurður Egilsson trésmiður á Húsavík, átti fyrr Rákel Juddit Kröyer, síðar Petreu Guðnýju Sigurðardóttur. Þessi eru hans börn:

1a. Páll K. Sigurðsson á Húsavík

1b. Egill Sigurðsson viðskiptafræðingur, átti Valgerði Lárusdóttur. Börn hans eru Jóhann Egilsson bíla-
réttingamaður í Rvík, Guðný Egilsdóttir, átti Vilhjálm Jónas-
son skrifstofumann, Rákel Egilsdóttir, átti Þorkel Arnason framkvæmdastj. Kristín Egils-

2a. Arnþrúður Jónsdóttir, átti Ólaf Jónsson kaupmann í Reykjavík. Þeirra börn voru Snjólaug Guðrún Ólafsdóttir lögfræðingur í Stokkhólmi, átti Harald Briem lækni, Jón Hjaltafín Ólafsson lækni í Gautaborg og Órn Ólafsson sálfræðingur.

2b. Hólmfríður Jónsdóttir, átti Dag Óskarsson flugvirkja-
meistara í Rvík. Þeirra börn eru Hildur Dagsdóttir verslunar-
maður, átti Þorgeir Jósefsson verslm., Snjólaug María Dags-
dóttir, Óskar Dagsson og Jón Dagsson.

2c. Snjólaug Guðrún Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, átti Benedikt Snorra Sigurðsson bónda á Hjarðarbóli í Myvatns-
veit. Þeirra dætur eru Snjólaug Guðrún Benediktsdóttir, átti Kjartan Björnsson bónda í Hraunkoti og Bergljót Sigurður Benediktsdóttir, átti Hálfan



Jóhann Sigurjónsson skáld



Líney Sigurjónsdóttir kennari



Lúdvík Sigurjónsson kaupmaður



Sigurjón Þ. Arnason prestur



Líney Jóhannesdóttir rithöfundur



Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri



Björn E. Arnason endurskoðandi



Magnús Magnússon sjónvarpsmaður BBC



Benedikt Arnason leikstjóri

Ætt Sigurjóns á Laxamýri

2. Snjólaug Jóhannesdóttir (1903–1957), átti Eirík Jónsson trésmið í Rvík. Þessi voru þeirra börn:

2a. Jóhannes Þórir Eiríksson tilraunastjóri í Laugadalum, átti fyrst Guðrúnu Björgvinsdóttur, síðar Sigrúnu Gunnlaugsdóttur. Börn hans voru Björg Jóhannesdóttir átti Numa Geirmundsson kjötíðnaðarmann, Eiríkur Sturla Jóhannesson stúdent og Snjólaug Guðrún Jóhannesdóttir, átti Birgi Birgisson.

2b. Rósa Jóna Eiríksdóttir, átti Jan McDonald Ramsey lögfræðing á Jamaica og nokkur börn.

2c. Sturla Eiríksson framkvæmdastjóri Fjölvá, átti Sólveigu Óskarsdóttur Thorarensen. Elsta barn þeirra er Snjólaug Guðrún Sturludóttir, átti Ólaf K. Ólafsson háskólama.

2d. Snjólaug Guðrún Eiríksdóttir danskennari, átti William Schomaker í Kaliforníu.

3. Margrét Stefania Jóhannesdóttir yfirhjúkrunarkona (á Heilsuverndarstöðinni og víðar).

4. Jóna Kristjana Jóhannesdóttir, átti Arna Benediktsson skrifstofumann. Þeirra börn:

4a. Benedikt Arnason leikari, átti fyrst Ernu Geirdal, síðar Völu Kristjánsson og loks Jill Brooke leikstjóra. Hann á 2 syni með Völu.

4b. Þórdís Jóhanna Arnadóttir, átti fyrst Jan Noel Loreau frá Kanada, síðar Einar Elíasson framkvæmdastjóra. Elsti sonur hennar er Arni Benedikt Loreau laganemi.

5. Líney Jóhannesdóttir rithöfundur, átti Helga Bergsson hagfræðing. Þau áttu 3 börn:

5a. Páll Helgason lækni, átti Sigurlaugu Karlsdóttur.

5b. Jóhannes Bergur Helgason starfsmaður á Reiknistofnun Landsbankans, átti Onnu Hallgrímsdóttur.

5c. Líney Helgadóttir kennari á Raufarhöfn, átti Guðmund Lúdvíksson framkvæmdastjóra.

6. Sigurjóna Jóhannesdóttir, átti Baldur Guðmundsson verslunarmann. Þeirra börn:

6a. Gunnlaugur Stefán Baldursson arkitekt, átti Liesel Hambach leikkonu. Búsettur í Þýskalandi.

6b. Guðbjörg Þórdís Baldursdóttir, átti fyrr Hafstein Baldursson sjómann, síðar



Líney Skúladóttir arkitekt



Arni Sigurjónsson forstöðumaður útlendinga-
eftirlitsins



Finnur Torfi Stefánsson fyrrv. alpm.



Arni Gunnlaugsson lögfræðingur



Guðmundur Arni Stefánsson blaðamaður



Jón L. Arnason skákmaður

dóttir, átti Hafþór Inga Jónsson lögfræðing og Sigurður Egilsson framkvstj. í Svíþjóð.

1c. Arnþrúður Sigurðardóttir, átti Einar Steinarsson renni-
smið og tvo syni, þá Steinar Inga Einarsson rennismið og Sigurð Arnar Einarsson stjarnfræðing.

1d. Rákel Sigurðardóttir tannsmiður, átti fyrr Baldur Þorgilsson verslunarmann, síðar Rosenblad lögfræðing, 1. sendiráðsritara í sænska sendiráðinu.

1e. Jóhann Egill Sigurðsson sjómaður.

1f. Gunnar Sigurðsson sjómaður

1g. Sigurður S. Sigurðsson verkamaður á Húsavík.

1h. Björn Sigurðsson bílstjóri á Húsavík.

1i. Þórður Sigurðsson á Húsavík.

2. Snjólaug Guðrún Egilsdóttir (1894–1954), átti Jón Jónsson frá Kaldbak, sundhallarvörð í Rvík og eftirtalin börn:

Björnsson bónda á Hjarðarbóli.

2d. Kristín Fríðrika Jónsdóttir verslm.

2e. Egill Jónsson glerslipunarmaður í Hafnarfirði, átti Birnu Þóru Guðbjörnsdóttur. Þeirra börn eru Rúnar Þór Egilsson guðfræðinemi, Guðbjörn Egilsson kennari og Sigurjón Egilsson tölfraðinemi.

2f. Þórdís Jóhanna Jónsdóttir, gift í Ameríku og á eina dóttur.

2g. Jón Frimann Jónsson trésmiður, átti Þorbjörgu Þorsteinsdóttur. Þeirra börn eru María Eydis Jónsdóttir, átti Guðmund Kr. Aðalsteinsson prentara, og Vilberg Þór Jónsson trésmiður.

2h. Þórhalla Jónsdóttir, átti Sigurjón Reyni Kjartansson bílstjóra í Rvík. Þeirra börn eru Rósa Emillía Sigurjónsdóttir í Myvatnssveit, Jón Reynir Sigurjónsson starfsmaður Kísildjunnar, Snjólaug Sigurjónsdóttir og Kjartan Sigurjónsson.

2i. Guðmundur Jónsson bakari í Rvík.

2j. Sigurveig Jónsdóttir tannsmiður, gift í Bandaríkjunum.

2k. María Eydis Jónsdóttir 1929–1947 (fórst í flugslysi)

3. Kristín Egilsdóttir verkakona í Rvík.

4. Sigurjón Egilsson úrsmiður í Rvík.

5. Stefán Gunnbjörn Egilsson smiður í Rvík, átti Oddrunu Jóhannesdóttur. Þeirra dætur voru Jóhanna Stefánsdóttir, átti Jakob Jakobsson fiskifræðing, og Arnþrúður Lilja Stefánsdóttir.

5. Jóhannes Egilsson trésmiðameistari Rvík.

C. Lúdvík Sigurjónsson (1871–1938) kaupmaður, útgerðarmaður og kennari á Akureyri, átti Margréti Stefánsdóttur Thorarensen. Þeirra börn:

1. Hulda Lúdvíksdóttir kaupmaður í Rvík, átti Jóhannes Guðmundsson skipstjóra og tvær dætur:

1a. Kristína Margrét Jóhannesdóttir, átti Georg Franklínsson og eru þau búsett í Svíþjóð. Börn þeirra eru Jóhannes Georgsson viðskiptafræðinemi, Björk Georgsdóttir, átti Arsæl Fríðriksson tækjama, Lúdvík Georgsson, Hulda Georgsdóttir og Baldvin Georgsson.

1b. Lovísa Rósa Snjólaug Jóhannesdóttir, átti Guðmund Jónsson rafvirkja og eru 6 börn þeirra á skólaaldr.

2. Lárus Lúdvíksson Thorarensen (1902–1923)

3. Rósa Stefania Lúdvíksdóttir skrifstf.

4. Snjólaug Sigurjóna Lúdvíksdóttir, átti Jón Guðmannsson yfirkennara og tvær dætur:

4a. Guðrún Jónsdóttir, átti Jón Ólafsson skólastjóra í Garðinum.

4b. Margrét Lovísa Jónsdóttir, átti Guðbjart Jónsson prentara.

D. Líney Sigurjónsdóttir (1873–1953), átti Arna Björnsson prófast í Görðum á Alftanesi. Þeirra börn:

1. Björn E. Arnason lögfræðingur, lögg. endurskoðandi, átti Margréti Ásgeirsdóttur frá Arngerðareyri. Börn:

1a. Aðalbjörn Björnsdóttir, átti Skúla Guðmundsson verkfræðing. Þeirra börn eru Ragnheiður Skúladóttir lækni, átti Jón Barðason kennara, Margrét Birna Skúladóttir hjúkrunarfræðingur átti Arna Tómasson (Arnasonar ráðherra) og Erla Björg Skúladóttir nemi.

1b. Arni Björnsson lögfræðingur, lögg. endurskoðandi, átti Ingibjörgu Jónsdóttur forstjóra Loftssonar. Þeirra

börn: Björn E. Arnason eðlisfræðingur, Brynhildur Jóna Arnadóttir lyfjafræðinemi, Asgeir Þ. Arnason laganemi og þekktur skákmaður og Jón L. Arnason viðskiptanemi og fyrrv. heimsmeistari unglinga í skák.

2. sr. Sigurjón Arnason prestur í Hallgrímskirkju, átti Þórunni Eyjólfsdóttur Kolbeins. Börn:

2a. Eyjólfur Kolbeins Sigurjónsson lögg. endurskoðandi, átti Unni Fríðjólfsdóttur O. Jóhannessonar frá Patreksfirði.

2b. Arni Sigurjónsson forstöðumaður útlendingaefitrlitsins, átti Þorbjörgu Kristinsdóttur kennara. Meðal barna þeirra er Þóra I. Arnadóttir hjúkrunarfræðingur, Sigurjón Þ. Arnason tæknifræðinemi og Kristinn Fríðrik Arnason lögfræðingur.

2c. Líney Sigurjónsdóttir, átti Matthías Matthíasson rafvirkjameistara.

2d. Þórey J. Sigurjónsdóttir barnalækni

2e. Hannes Páll Sigurjónsson verkfræðingur

2f. Þórunn Astríður Sigurjónsdóttir, átti Bjarka Elíasson yfirlögregluþjón.

2g. Snjólaug Anna Sigurjónsdóttir kennari, átti Tryggva Viggósson lögfræðing.

3. Snjólaug Guðrún Arnadóttir, átti Gunnlaug Stefánsson kaupmann í Hafnarfirði. Þeirra börn:

3a. Stefán Gunnlaugsson bjarstjóri og alþingismaður um skeið, nú deildarstjóri í viðskiptaráðuneyti, átti Margréti Guðmundsdóttur. Börn hans: eru Finnur Torfi Stefánsson lögfræðingur og fyrrv. alpm., átti Eddu Þórarinsdóttur leikara, Snjólaug Guðrún Stefánsdóttir uppeldisfræðingur, Gunnlaugur Stefánsson fyrrv. alpm. og Guðmundur Arni Stefánsson blaðamaður.

3b. Arni Gunnlaugsson lögfræðingur og bjarstjórnarfulltrúi í Hafnarfirði, átti Mörtu Stólpmann frá Þýskalandi.

3c. Sigurlaug Elísabet Gunnlaugsdóttir.

4. Páll kristinn Arnason heildsali, átti Elínu Agústu Halldórsdóttur. Þeirra börn:

4a. Kristjana Pálsdóttir, átti Hannes Flosason kennara.

4b. Líney Arndís Pálsdóttir, átti Einar Vigfússon cellóleikara.

5. Elin Málfríður Arnadóttir, átti Friðfinn Valdemar Stefánsson múrarameistara í Hafnarfirði, bróður Gunnlaugs (hér á undan). Þeirra börn:

5a. Arni Friðfinnsson bókari, átti Elinu Eggerz Stefánsdóttur.

5b. Kristinn R. Friðfinnsson múrari.

5c. Sigurður J. Friðfinnsson skrifstofum., átti Sigríði Einarsdóttur. Elin, elsta dóttir þeirra er gift svissneskum kaupsyslumanni.

5d. Helga Sigurlaug Friðfinnsdóttir kennari, átti Hrein Harðars forstjóra seltgætisgerðarinnar Víking.

5e. Sólveig Friðfinnsdóttir verslm., átti Úlfar Andrésson.

5f. Líney Friðfinnsdóttir flugfreyja og kennari.

6. Arni Björn Arnason lækni, átti Kristínu Þórdísi Loftsdóttur. Þeirra börn:

6a. Arni Björn Arnason velviki, átti Þóreyju Adalsteinsdóttur.

6b. Guðrún Helga Arnadóttir hjúkrunarfræðingur, átti Valdimar Ólafsson flugumferðarstjóra.

6c. Loftur Jón Arnason verkfræðingur, átti Þóru Asgeirsdóttur.

7. Þorvaldur Arnason tannsmiður í Rvík, átti Kristínu Sigurðardóttur. Þeirra börn:

7a. Þorvaldur Arnason tannsmiður í Rvík, átti Kristínu Sigurðardóttur. Þeirra börn:

7b. Þorvaldur Arnason endurskoðandi í Kópavogi.

7c. Arni Þorvaldsson húsnámsmiður í Rvík.

8. Sigurlaug Arnadóttir, átti Skapta Benediktsson í Hraunkoti í Lóni.

9. Margrét Guðný Arnadóttir, átti Þórð Marel Jónsson iðnaðarmann í Rvík. Þeirra börn:

9a. Jón Þórðarson lyfjafræðingur, átti Svölu Karlsdóttur.

9b. Líney Þórðardóttir hjúkrunarfræðingur.

9c. Arni Þórðarson tannlæknanemi.

10. Helga Alfreiddis Arnadóttir, átti Skúla Þórðarson magister, sagnfræðing. Þeirra börn:

10a. Líney Skúladóttir arkitekt.

F. Snjólaug Sigurjónsdóttir (1878—1930) átti Sigurð Björnsson brunamálstjóra, bróður sr. Arna í Görðum. Þeirra börn voru:

1. Elin Sigurðardóttir, átti Lúðvík Storr stórkaupmann í Rvík. Dóttir þeirra:

1a. Anna Dúa Storr, átti Frank W.Ch. Pitt og nokkur börn.

2. Snjólaug Sigurðardóttir, átti fyrr Bruun verkfræðing, síðar Ottó Baldvinsson raf-fræðing. Börn hennar:

2a. Snjólaug Bruun, átti Bjarna Kristjánsson verkfræðing. Þeirra synir eru Gunnar Bruun Bjarnason radióvirkir og Kristján Bjarnason.

2b. Knútur Bruun lögfræðingur, átti Margrétu Guðrúnu Ingólfsdóttur.

3. Ingibjörg Sigurðardóttir, átti Sigurstein Magnússon forstjóra SÍS í Edinborg. Þau áttu þessi börn:

3a. Sigurður S. Magnússon lækni í Rvík, átti Audrey Douglass og börn.

3b. Margrét S. Magnússon, átti Ronald Bennett og nokkur börn.

3c. Magnús Magnússon rithöfundur og sjónvarpsmaður hjá BBC, átti Hönnu Bird og nokkur börn.

3d. Snjólaug S. Magnússon.

4. Jóhanna Ólína Schou Sigurðardóttir, átti Svein Pétursson augnlækni. Þeirra börn:

4a. Snjólaug Sveinsdóttir tannlækni, átti Kjartan Magnússon lækni. Elsta barn þeirra er Sveinn Kjartansson lækni.

4b. Guðrún Sveinsdóttir hjúkrunarfræðingur, átti fyrr Sigurð Þórðarson loftskiptamann, síðar Guðjón Böðvarsson sölu-mann.

5. Björn Sigurðsson lækni í Keflavík, átti Sólveigu Sigur-björnsdóttur. Þeirra börn:

5a. Gróa Hjördis Björnsdóttir bókasafnsfræðingur.

5b. Sigurður Björnsson lækni.

5c. Elin Þórdís Björnsdóttir, átti Jóhann Heiðar Jónsson lækni.

5d. Sigbjörn Björnsson lækna-nemi.



Litlið yfir Markarfljótsaura. Stóri Dímon til vinstri en til hægri má sjá Markarfljótsbrúna í smíðum. Mennirnir á myndinni eru Jón Víðis, Davíð bílstjóri, Geir Zoëga vegamálastjóri og Geir Zoëga yngri, síðar teiknari. Myndin er tekin fyrir u.þ.b. hálfri öld.

Úr fjölskyldualbúminu



Frá upphafi bílaaldar á Íslandi. Hér er verið að slaka bíl niður að Tungná til að ferja hann...



...og hér er búð að koma bílnum út í bátinn. Þetta sýnist vera hið mesta glæfraspil.



Hlunnindinn í Laxá í Adaldal hafa löngum verið Laxamýrabændum drjúgur búhnykkur.

10b. Skúli Skúlason stýri-maður.

11. Ingibjörg Arnadóttir, átti Björgvin Bjarnason rafsuðu-mann. Þeirra börn:

11a. Arni Björgvinsson jarnsmiður

11b. Ragnhildur Björgvinsdóttir, átti Steingrím Björnsson húsnámsb.

11c. Bjarni Björvinsson búfræðingur á Eskifirði

11d. Guðný Björgvinsdóttir, átti Anton Guðnason húsnámsb.

11e. Páll Björgvinsson húsnámsb.

E. Soffía Sigurjónsdóttir nudd-lækni á Akureyri. Dóttir hennar:

1. Elsa Jensen Kuhn, átti Hans Kuhn prófessor í norrænum fræðum í Kiel og nokkur börn.

6. Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri í Rvík, átti Sigríði Kvaran. Þessi voru þeirra börn:

6a. Soffía Sigurjónsdóttir, átti Stefán J. Helgason lækni.

6b. Sigurður Sigurjónsson lögfræðingur.

6c. Magnús Kjaran Sigurjónsson arkitekt.

6d. Birgir Björn Sigurjónsson viðskiptafræðingur.

6e. Jóhann Sigurjónsson náttúrufræðingur.

6f. Arni Sigurjónsson.

F. Jóhann Sigurjónsson skáld (1880—1919), átti Ingiborg Böms. Þau áttu ekki börn en áður átti Jóhann.

1. Gríma Sigurjónsson, gift M.E.J. Andersen endurskoðandi á Kaupmannahöfn. Þeirra dóttir er Jytte Andersen.

— GFR



Hornaflokkur í Reykjavík á fyrstu árum aldarinnar. Gaman væri ef einhver lesenda Þjóðviljans gæti sagt til um hverjir mennirnir eru og hver flokkurinn. Annar maður frá hægri í efri röð er Gísli Guðmundsson bókbindari.

